

# Árið 2012

## 245. fundur

Föstudaginn 20. janúar 2012, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir og Haraldur Benediktsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð. Björn Snæbjörnsson boðaði forföll.

### Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

#### 1. Fundargerð 244. fundar og dagskrá 245. fundar.

Gerð var lítilsháttar breyting á fundargerð 244 og var hún síðan samþykkt. Ekki voru gerðar athugasemdir við dagskrá.

#### 2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – september 2011.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. september sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðenda. Þar kemur fram að liðurinn lækkar frá því í júní sl. um kr. 61.830.-. Grundvöllurinn hefur aftur á móti hækkað um liðlega 2,9% frá sama tíma, en heildarkostnaður er alls kr. 32.124.701.-. Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

#### 3. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – desember 2011.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. desember sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram lækkun frá því í september sl. um kr. 70.040.-. Grundvöllurinn lækkaði um liðlega 0,09% frá því í september og var heildarkostnaður alls er kr. 32.157.389.-. Grundvöllurinn var staðfestur.

Bornir voru saman verðlagsgrundvellir 1. júní og 1. desember 2011. Við þann samanburð kom fram að heildarkostnaður hafði hækkað um kr. 953.519.- á tímabilinu eða um 3,06%. Formaður greindi frá því að Einar Hafliði endurskoðandi teldi nú væri komin þörf á að endurskoða forsendur vaxtaútreikings og var ákveðið að skoða það frekar. Þá var rætt um að nauðsynlegt væri að bera saman verðlagsgrundvöll kúabús annars vegar og rauntölur búreikninga hins vegar. Í því sambandi kom til tals að ræða við Daða Má Kristófersson í það verk og var formanni falið að kanna það nánar.

Ákveðið var að fresta liðum 4., 5. og 6 á boðaðri dagskrá til framhaldsfundar 14. febrúar nk.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín E. Sigfúsdóttir

## 246. fundur

Mánudaginn 14. febrúar 2012, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Peir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

### Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

#### 1. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús/raunkostnaðar.

Formaður bauð velkominn Daða Má Kristófersson, hagfræðing hjá Hagfræðideild, Háskóla Íslands. Í upphafi fór Daði yfir fræðilegt hlutverk á mælingu verðs og kostnaðarbreytinga og hvaða leiðir væru færar í þeim efnum. Þá fjallaði hann um hlutverk verðlagsgrundvallar kúabús og hvernig hann er notaður til að mæla kostnaðarbreytingar á dæmigerðu kúabúi. Jafnframt því hvernig veginn meðalkostnaður miðast við fasta aðfangasamsetningu. Einnig fór hann yfir áhrif verðbreytinga á aðföngum í verðlagsgrundvelli kúabús annars vegar og samanteknum búreikningum Hagþjónustu landbúnaðarins hins vegar og sýndi hvernig bændum hefur tekist að aðlaga búrekstur sinn að breyttu rekstrarumhverfi. Miklar breytingar áttu sér stað við hrunið en þrátt fyrir það hefur heildarkostnaður verðlagsgrundvallarins þróast með svipuðum hætti og hliðstæðar vísitölur Hagstofu Íslands.

#### 3. Forsendur vaxtaliðar á verðlagsgrundvöll kúabús.

Formaður bauð velkominn Einar Hafliða Einarsson endurskoðanda hjá Deloitte sem fór yfir grunnforsendur vaxtakostnaðar framreiknaðs verðlagsgrundvöls kúabús um fjárbindingu í húsum og vélum. Fjármagnsgrunnurinn er þannig samsettur:

- 40% fjárfestingaveðlán
- 12,5% Lánasjóðslán
- 17,5% skammtímalán (1-5 ár) og
- 30% eigið fé.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í lánasöfnum síðan um hrún, en meðalvaxtakjör hafa verið reiknuð út frá vaxtatöflum bankanna á mismunandi lánum. Einar færði ýmis rök fyrir því að það kynni að vera tímabært að breyta vaxtatöfluviðmiðum. Hann benti á að Seðlabankinn gæfi út mánaðarlega sambanurðarhæfar vaxtaupplýsingar um lánakjör hjá bönkum, þ.e. lægstu og hæstu mörk og meðalkjör, sem væri aðgengileg og með skýr viðmið. Hugmyndir hans væri ekki að hækka eða lækka vexti, heldur að breyta vaxtatöfluviðmiðum. Vextir yrðu reiknaðir á allan lánahluta fjármagnsgrunnnsins (70% af fjárfestingu) miðað við vexti á verðtryggðum lánnum samkvæmt töflu Seðlabanka Íslands. Verðtryggingaráhrifin kæmu á vaxtagjöldin með verðbótaframreikningi fjárfestinganna (fjármagnsgrunnnsins). Hugmyndir Einars voru ítarlega ræddar og leist nefndarmönnum vel á nefndar breytingu. Ákveðið var að fá Einar til að stilla báðum leiðum upp við framreikning verðlagsgrundvallar kúabús þann 1. mars n.k.

#### 4. Formaður þakkaði gestum fyrir fróðleg og góð erindi og lagði fram fundargerð 245. fundar – Samþykkt án athugasemda.

**5. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur fyrir verðlagsárið 2012.**

Lagt var fyrir erindi SAM, dags. 31. janúar sl., um efnainnihald viðmiðunarmjólkur fyrir árið 2012. Samkvæmt útreikningnum er fituinnihaldi 4,10% og próteini 3,33% og var það staðfest.

**6. Yfirlit sölu mjólkur frá desember 2011.**

Kynnt var yfirlit yfir sölu mjólkurvara frá SAM fyrir desember 2011, síðustu þrjá mánuði og síðustu tólf mánuði. Sölutölur eru í lítrum og kílóum fyrir umrædd tímabil. Sala mjólkurvara samtals hefur dregist í heildina saman um 2,69% á síðustu 12 mánuðum, 1,68% á síðustu þremur mánuðum og 0,87% í desember mánuði.

**7. Af rekstri mjólkuriðnaðarins.**

Pálmi fór yfir óendurskoðað rekstraruppgjör Mjólkursamsölnunnar ehf vegna tímabilsins janúar - september 2011.

**8. Önnur mál**

Ólafur kynnti óskir frá Landsambandi sauðfjárbænda um útreikning á framleiðslukostnaði sauðfjárafurða að nýju hjá Verðlagsnefnd. Síðast var hann tekinn fyrir og samþykktur af nefndinni í desember 2004. Ákveðið var að bjóða fulltrúum sauðfjárbænda á næsta fund til að ræða beiðnina.

Þá var rætt um erindi kartöflubænda frá fyrra ári um útreikning á framleiðslukostnaði við ræktun kartaflna, sbr. 240. fund. Einnig var ákveðið að bjóða fulltrúa Sambands garðyrkjubænda á næsta fund til frekari umræðu um þessi mál.

Í framhaldi af umræðum kom fram tillaga frá formanni um að fá á næsta fund nefndarinnar sérfræðing frá Hagstofu Íslands til að kynna fyrir nefndinni hagtölusöfnun í landbúnaði.

Næsti fundur ákveðinn 12. mars kl. 10,30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín E. Sigfúsdóttir

## 247. fundur

*Mánudaginn 12. mars 2012, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson.*

*Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð. Í upphafi fundar voru mættir, Rósmundur Guðnason og Víkingur Guðmundsson frá Hagstofu Íslands, Bjarni Jónsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og Sigurður Eyþórsson frá Landsamtökum sauðfjárbænda.*

### **Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

#### **1. Fundargerð 246. fundar og dagskrá.**

Fundargerð 246. fundar lögð fram – Samþykkt með lítilsháttar athugasemdum.

#### **2. Gagnaöflun og tölulegar upplýsingar í landbúnaði.**

Formaður bauð velkomna þá Rósmund Guðnason, skrifstofustjóra efnahagssviðs Hagstofu Íslands og Víking Guðmundsson, sérfræðing á vísitöludeild, Hagstofu Íslands. Í upphafi fór Víkingur yfir endurbætur og uppbyggingu á landbúnaðartölfræði Hagstofunnar, en hingað til hafa þar aðeins verið birtar tölur um landbúnaðinn sem BÍ, SAM, MAST o.fl. hafa tekið saman. Hagstofan hefur hingað til ekki safnað upplýsingum um verð til bænda og verðþróun. Á síðasta ári hlaut Hagstofan IPA styrk til tveggja ára til að bæta landbúnaðartölfræði, framkvæma landbúnaðarrannsókn og taka saman framleiðslureikninga landbúnaðarins.

Gagnasöfnun fyrir landbúnaðartölfræðina nær til flestra þátta landbúnaðarins s.s. mjólkur- og kjötrframleiðslu, starfsemi útungunarstöðva, uppskeru og landnotkunar. Auk þess verður aflað upplýsinga um verð fyrir framleiðsluna og aðföng. Þær verða birtar í formi vísitalna og meðalverðs.

Framleiðslureikningarnir byggja á þessari gagnaöflun. Þeir verða einnig teknir saman nokkur ár aftur í tímann, aftur til 2007.

Landbúnaðarrannsóknin er ítarleg athugun á uppbyggingu íslenskra býla. Spurningalistar voru sendir til allra sem stunda rekstur á sviði landbúnaðar. Spurt var um starfsemi þeirra á árinu 2010. Heildarþýðið var 2.600 býli og var svarhlutfallið um 74%. Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í Hag tíðindum síðar á árinu 2012.

Hagþjónusta landbúnaðarins var lögð niður um síðustu áramót og hefur LbhÍ tekið við úrvinnslu og söfnun búreikninga bænda, til bráðabirgða eða þar til ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag þeirra verður ákveðið.

Ítarlegar umræður fóru fram um hagtölusöfnun og nauðsyn hennar fyrir landbúnaðinn og hagsmuni hans, einkum nú þegar Hagþjónustan hefur verið lögð niður. Fundarmenn voru á einu máli um nauðsyn þess að byggja upp vandaða hagtölusöfnun og töldu að Hagstofan ætti að taka einnig við búreikningum bænda. Lögð var á það áhersla að tölulegar upplýsingar

þyrftu ætíð að vera fyrir hendi og þannig úr garði gerðar að þær væru hafðar yfir alla gagnrýni um trúverðugleika.

**3. Málafni kartöflubænda/Samband garðyrkjubænda.**

Formaður bauð velkominn Bjarna Jónsson, framkvæmdastjóra, Sambands garðyrkjubænda. Beiðni hefur áður komið fram frá kartöflubændum til Verðlagsnefndar um að reikna framleiðsluverðmæti kartöflubænda, þar sem m.a. komi fram hvernig tekjur og framleiðslukostnaður skiptist niður á framleitt kíló af kartöflum. Nefndin leitaði til Hagþjónustu landbúnaðarins, en hún sagði sig frá því verki á sínum tíma þar sem engar opinberar upplýsingar voru fyrir hendi um þessi atriði. Sama staða er enn hvað þetta varðar, sjá umfjöllun undir 1. lið.

**4. Erindi Landssambands sauðfjárbænda.**

Formaður bauð velkomna Sigurgeir Sindra Sigurgeirsson, formann og Sigurð Eyþórsson, framkvæmdastjóra, frá Landssambandi sauðfjárbænda. Erindi barst frá félaginu að tekið verði upp að nýju í Verðlagsnefnd framreiknaður verðlagsgrundvöllur sauðfjárbús þar sem skort hafi opinberar upplýsingar um framleiðslukostnað og tekjur meðal sauðfjárbús á sömu forsendum og reiknað hefur verið fyrir kúabú. Í umræðum tóku nefndarmenn vel í erindi sauðfjárbænda. En þar sem langt væri um liðið síðan síðasti framreikningur verðlagsgrundvallar sauðfjárbús hefði farið fram, var þeim óskum beint til sauðfjárbænda að þeir yfirfæru grundvöllinn, með það í huga að athuga hvort þörf væri á að breyta magntölum og/eða öðrum viðmiðum hans, áður en framreikningur væri gerður.

Formaður þakkaði gestum fyrir fróðleg og góð erindi og þær umræður sem fram fóru í kjölfar þeirra.

**5. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús mars 2012.**

Ákveðið var að fresta afgreiðslu verðlagsgrundvallarins til næsta fundar.

Næsti fundur ákveðinn 29. mars kl. 11,15

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín E. Sigfúsdóttir

## 248. fundur

Mánudaginn 2. apríl 2012, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson.  
Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

### Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

#### 1. Fundargerð 247. fundar og dagskrá.

Fundargerð 247. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

#### 9. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – mars 2012.

Formaður lagði fram framreiknaðann verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. mars sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðenda. Þar kemur fram að liðurinn lækkar frá því í desember sl. um kr. 64.447.-. Grundvöllurinn hefur aftur á móti hækkað um liðlega 3,6% frá sama tíma, en heildarkostnaður er alls kr. 32.157.389.-.

Með verðlagsgrundvöllinum fylgdi nánari útreikningur á vaxtaliðum.

Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

#### 6. Afkoma mjólkuriðnaðarins. Mjólkursamsalan.

Pálmi lagði fram rekstrarreikning vegna ársins 2011. MS hefur gert miklar ráðstafanir í hagræðingu og hefur það skilað betri rekstrarafkomu. Mikil hækkun á rekstrarliðum er framundan á árinu 2012, þá aðallega á raforku, umbúðum, hráolíu, launum og gengishækkunum. Ákveðið var að óska eftir upplýsingum um afkomu Auðhumlu ehf. og Mjólkursamlags Kf. Skagfirðinga, fyrir síðasta ár.

#### 7. Staða verðtilfærslusjóðs.

Pálmi lagði fram ársreikning Verðtilfærslusjóðs vegna ársins 2011. Hlutverk sjóðsins er að innheimta verðtilfærslugjald af innveginni mjólk hjá afurðastöðvum og endurgreiða það samkvæmt búvörulögum nr. 99/1993. Tap á árinu 2011 var kr. 32.337.242.- og neikvæð eiginfjárstaða í árslok 2011 flutt yfir til næsta árs k. 219.083.335.-

Pálmi lagði fram yfirlit vegna ársins 2012, en ákveðið var að ræða verðtilfærslugjöld á næsta fundi. Á þeim fundi mun mjólkuriðnaðurinn leggja fram ítarlegt yfirlit yfir stöðu verðtilfærslu, eftir að uppgjör einstakra vörutegunda hefur farið fram fyrir árið 2012.

#### 8. Verðlagsmódel iðnaðarins.

Pálmi fór yfir og útskýrði verðlagsmódel iðnaðarins

Næsti fundur ákveðinn 3. maí kl. 10,00

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín E. Sigfúsdóttir

## 249. fundur

*Priðjudaginn 15. maí 2012, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.*

### **Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

#### **1. Fundargerð 248. fundar og dagskrá.**

Fundargerð 248. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

#### **10. Erindi Landssambands sauðfjárbænda.**

Formaður tók fyrir erindi frá Sigurði Eyþórssyni, framkvæmdarstjóra, Landssambands sauðfjárbænda, dags. 4. maí 2012. Í því kom fram að sauðfjárbændur gera ekki kröfur um að forsendur verðlagsgrundvallar sauðfjárafurða verði breytt, áður en til framreiknings kemur, sbr. 4. lið 247. fundargerðar og að hann verði framreiknaður óbreyttur. Óskað er eftir að verðlagsgrunnur sauðfjárafurða verði framreiknaður tvisvar á ári, í júní og desember. Eftir nokkrar umræður ákvað nefndin að verða við beiðni sauðfjárbænda og framreikna grunninn með sama hætti og gert er fyrir kúabú, eða fjórum sinnum á ári.

#### **9. Afkoma mjólkuriðnaðarins.**

Formaður lagði fram yfirlit yfir rekstur Mjólkursamlags Kaupfélags Skagfirðinga fyrir árið 2011 og uppsettan efnahag 31.12.2011. Einnig var farið yfir samstæðuársreikning Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2011.

Pálmi skírði rekstraruppgjör MS og bar saman fyrstu þrjá mánuði árána 2011 og 2012. Þrátt fyrir miklar ráðstafanir í hagræðingu og hærri innkomu, hefur hækkun orðið á rekstrarliðum um 16,20%, fyrir afskriftir og fjármagnsliði sem felast aðallega í hækkun á raforku, umbúðum, hráolú, launum. Afkoma tímabilsins er umtalsvert lakari en á sama tíma árið áður.

#### **10. Staða verðtilfærslu.**

Pálmi lagði fram ítarlegt yfirlit yfir stöðu verðtilfærslu, niður á hverja vörueiningu, eins og hún stendur í ársbyrjun 2012. Ákveðið var að ræða málið enn frekar á næsta fundi og fá yfirlit yfir heildarverðtilfærslu eftir vörutegundum og samanlagða.

#### **11. Ályktun frá Félagi kúabænda á Suðurlandi.**

Félagið sendi frá sér ályktun um að leiðrétt verði lágmarksverð á mjólk til bænda hið fyrsta.

Næsti fundur ákveðinn 12. júní kl. 11,00

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

## 250. fundur

*Þriðjudaginn 12. júní 2012, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.*

### Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

#### 1. Fundargerð 249. fundar og dagskrá.

Fundargerð 249. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

#### 11. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – júní 2012.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. júní sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðenda. Þar kemur fram að liðurinn hækkaði frá því í mars sl. um kr. 106.668.- sem stafar af 3,4% meðalhækkun á stofni. Grundvöllurinn hefur því hækkað um liðlega 8,3% frá 1. júní 2011 og er heildarkostnaður alls kr. 33.797.373.-

Með verðlagsgrundvöllinum fylgdi nánari útreikningur á vaxtalið. Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

#### 12. Verðtilfærsla.

Pálmi lagði fram yfirlit yfir stöðu verðtilfærslu í júní 2012. Ákveðið var að minka verðtilfærslu fyrir skyr (gamaldags skyr) um 25,60 kr./kg. Að teknu tilliti til þess er verðtilfærsla á ársgrunni því kr. 197.683.395.- samkvæmt útreikningnum.

#### 13. Verðlagning.

Að vanda voru forsendur verðlagningar settar inn í módel er nefndin hefur notað við verðlagningu og voru útreikningar gerðir jafnóðum. Útreikningar byggðu á verðlagsgrundvelli kúabús og hækkunum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur. Samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús var um að ræða 8,31% hækkun frá 1. júní 2011, en vinnslu- og dreifingarkostnaður hafði hækkað um 6,58%.

„Sameiginleg ákvörðun var tekin um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki 1. júlí n.k. um 4%. Frá sama tíma hækkar afurðastöðvaverð til bænda um 2,80 kr. á lítra mjólkur, þ.e. úr 77,63 kr. í 80,43 kr., eða um 3,6%. Þá hækkaði vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um tæp 4,4%.“

#### 14. Önnur mál.

Varðandi afkomu mjólkuriðnaðarins sem rædd var á síðasta fundi, var ræddur sá möguleiki að fá Einar Hafliða Einarsson, löggiltan endurskoðenda, til að yfirfara og samræma uppgjör þeirra samlaga sem starfa í greininni í þeim tilgangi að fá sem gleggsta mynd af rekstrinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

## 251. fundur

*Priðjudaginn 11. desember 2012, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Peir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.*

### **Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

#### **1. Fundargerð 250. fundar og dagskrá.**

Fundargerð 250. fundar lögð fram – Samþykkt án athugasemda.

#### **12. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – september 2012.**

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. september sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að liðurinn lækkaði frá því í júní sl. um kr. 74.004.- og eru vaxtagjöld hans því kr. 2.354.930.- Grundvöllurinn hefur lækkað um liðlega 0,8% frá 1. júní 2012 og er heildarkostnaður alls kr. 33.768.667.-

Með verðlagsgrundvöllinum fylgdi nánari útreikningur á vaxtalið. Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

#### **15. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – desember 2012.**

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. desember sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að liðurinn lækkaði frá júní sl. um kr. 32.121.- og eru vaxtagjöld hans kr. 2.387.051.-. Frá júní til desember 2012 hefur grundvöllurinn lækkað um 1,45% og er heildarkostnaður hans alls kr. 34.288.186.-

Með verðlagsgrundvöllinum fylgdi nánari útreikningur á vaxtalið. Grundvöllurinn var síðan staðfestur að loknum umræðum.

#### **16. Sala mjólkurvara.**

Kynnt var yfirlit yfir sölu mjólkurvara frá SAM fyrir október 2012, síðustu þrjá mánuði og síðustu tólf mánuði. Sölutölur eru í lítrum og kílóum fyrir umrædd tímabil. Sala mjólkur samtals hefur dregist saman um 2,14% á tólf mánaða tímabili, en hins vegar hefur sala á rjóma aukist um 2,65%, viðbiti 3,49%, skyri 4,20%, ostum 3,16% og mjólkurdufti um 6,78%. Alls er þá samdráttur um 0,83% á tímabilinu október 2011 til október 2012.

Mismunur á próteini og fitu nemur liðlega 2 milljónir ltr. sem verða að smjörbirgðum sem eru fluttar úr landi. Um 10 millj. ltr. fara í útlutning, þar er mestur hluti umframframleiðsla utan mjólkurkvóta.

#### **17. Afkoma mjólkuriðnaðarins.**

Fulltrúar mjólkuriðnaðarins lögðu fram óendurskoðað rekstraruppgjör Mjólkursamsölunar ehf fyrir janúar til október 2012. Varðandi afkomu kom fram að mikill kostnaður er vegna

endurnýjunar búnaðar til framleiðslu á Selfossi og Akureyri á árinu og framundan eru væntanlegar hækkningar á raforku til stóriðju og annarra rekstrargjalda.

**18. Önnur mál.**  
**Næsti fundur ákveðinn 22. janúar 2013.**

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín E. Sigfúsdóttir